

Orlof, staðarvaktafrí, leyfi og fjarvistir á sérnámsgrunnssári

Áunnið orlof og skil á milli starfa að loknum sérnámsgrunni

Sérnámsgrunnslæknar (SGL) í samfelldri ráðningu vinna sér inn u.þ.b. tvo daga í orlof fyrir hvern unninn mánuð. Við styttri námsdvöl, s.s. tímabils á heilsugæslu eða annarri sjúkrastofnun, þá er orlof greitt út í lok starfs þar. Óska má eftir því sérstaklega að orlof sé flutt milli starfsstöðva og greitt út við lok sérnámsgrunns. Þá þarf að hafa samband í góðum tíma við viðeigandi aðila á þeirri starfsstöð sem um ræðir og Maríu Guðmundsdóttur, launafulltrúa SGL á Landspítala, netfang maria@landspitali.is

- Á Landspítala gildir að ef SGL gerir ekki nýjan ráðningarsamning við Landspítala, fær hann orlofið greitt út þegar starfi lýkur.
- Forsenda þess að halda ráðningarsambandi á milli sérnámsgrunns og sérnáms eða nýs starfs á Landspítala er eftirfarandi:
 - Innan við 4-6 vikur á milli starfa
 - Að búið sé að ganga frá ráðningu/samningi um sérnám eða nýtt starf
 - Staðarvaktafrí og uppsafnað orlof er nýtt þess á milli
- Ef SGL ræður sig í stöðu á Landspítala strax að loknum sérnámsgrunni þá fylgir orlofið með starfsmanninum í nýja starfið. SGL semur þá við sína nýju starfsstöð hvenær það er tekið út.

Staðarvaktafrí

Staðarvaktafrí (SVF) eru kjarasamningsbundin réttindi. SVF sem er áunnið á einni starfsstöð ber að taka út á viðkomandi starfsstöð. Mikilvægt er að SVF sé innbyggt í vinnuskipulag og er það á ábyrgð SGL að upplýsa umsjónarmenn vaktaskipulagningar á starfsstöðinni, með góðum fyrirvara, ef vaktaskipulag er með þeim hætti að SVF safnast upp. Ekki er eðlilegt að koma á næstu starfsstöð með uppsafnað SVF frá fyrri starfsstöð. Almennt er ekki gert ráð fyrir að SGL séu að taka vaktir á annarri starfsstöð en þau eru á í dagvinnu, þar sem ekki er sjálfgefið að starfsstöð skv. námsblokk geti sleppt þeim í SVF sem ávinnst við það.

Uppsafnað SVF getur ekki komið til frádráttar í lok sérnámsgrunnssins (eða við rof í ráðningu), heldur eru það greitt út. Ef SGL fer strax í annað starf á Landspítala þá flyst SVF yfir í nýja starfið. Ef SGL á enn inni staðarvaktafrí frá fyrra ári er það greitt út í maímánuði samkvæmt kjarasamningi.

Launað eða ólaunað leyfi

Sérnámsgrunnur er 12 mánaða 100% klínísk vinna skv. reglugerð 467/2015 með síðari breytingum og því ekki gert ráð fyrir leyfi á námsárinu. SGL geta óskað eftir leyfi í nokkra daga (færri en 5 daga) í samráði við yfirlækni á viðkomandi starfsstöð og telst sá tíma þá til fjarvista frá sérnámsgrunni sem má vera að hámarki 2 vikur skv. reglugerð 467/2015 með síðari breytingum. Oft má þó nýta staðarvaktafrí fyrir svona stutt leyfi. Ef sótt er um leyfi sem er lengra en 1 vika (5 samfelldir dagar) þá má reikna með

að námsárið lengist sem um það sem því nemur. Launalaust leyfi er aldrei hægt að telja til sérnámsgrunnisárs. SGL bera ábyrgð á því að sækja um leyfi með góðum fyrirvara og í samráði við yfirlækni og umsjónardeildarlækni. Umsókn um leyfi er á ábyrgð SGL og verður hann að tryggja að upplýsingar um slíkt berist til verkefnastjóra á menntadeild (sigruni@landspitali.is) og sé sett inn í námsblokkina.

Hafa þarf eftirfarandi í huga:

- Orlof er ekki greitt út fyrir fram, þannig að ef óskað er eftir sumarleyfi, þá þarf SGL að hafa áunnið sér réttindi til þess.
- Að óskað sé eftir leyfi til umsjónardeildarlæknis/yfirlæknis (og/eða stjórnmerkta aðilans í tengiliðaskjali) með góðum fyrirvara og áður en vaktaskema liggur fyrir.
- Að SGL hafi fengið staðfestingu á leyfi frá umsjónardeildarlækni/yfirlækni (og/eða stjórnmerktum aðila í tengiliðaskjali).
- Að tilkynna þarf um launuð og ólaunuð leyfi til menntadeildar. SG-læknar skulu senda tilkynningu um samþykkt leyfi í tölvupósti til sigruni@landspitali.is

Veikindi

Veikindi tilkynnist til viðkomandi umsjónardeildarlæknis/skrifstofustjóra/ritara og þess sérfræðings sem er með teymið sem SGL vinnur á. Umsjónarlæknir/yfirlæknir getur óskað eftir vottorði vegna veikinda en almenna reglan er að ef veikindi vara viku eða lengur, ber að skila afriti af veikindavottorði til verkefnastjóra á menntadeild (sigruni@landspitali.is), sem kemur því til launadeildarinnar. Nóg er að skanna inn eða taka mynd af vottorðinu og senda sem viðhengi í tölvupósti. Kostnaður vegna vottorðsins er endurgreiddur ef kvittun fylgir með. Veikindi teljast til fjarvista af sérnámsgrunnisári.

Fæðingarorlof

Tilkynning um fæðingarorlof sendist til Sigrúnar Ingimarsdóttur (sigruni@landspitali.is), sem gerir ráðstafanir í námsblokk og lengir árið um það sem því nemur. Miðað er við að allar fjarvistir fram að veikinda- og/eða fæðingarorlofi, þ.m.t. fjarvistir vegna lægra starfshlutfalls, séu teknar saman og þeim bætt við námsblokkina að loknu fæðingarorlofi. Ekki þarf að lengja sérnámsgrunn þó að SGL taki ekki vaktir í einhvern tíma fram að fæðingu barns. Ef sá tími reynist þó mjög langur, þá er mögulegt að viðkomandi þurfi að bæta það upp með verkefnum sem skila þarf inn í ePortfolio-kerfið.

SGL þarf að láta viðkomandi yfirlækni/umsjónarsérnámslækni vita með góðum fyrirvara, þannig að þeir geti haft í huga að mögulega þurfi að taka tillit til SGL vegna aðstæðna/veikinda fram að fæðingu barns. Veikindavottorðum skal skilað til Sigrúnar, en SGL þarf sjálfur að senda upplýsingar um veikindaleyfi eða möguleika á skertu starfshlutfalli til viðkomandi umsjónarsérnámslæknis.

Sigrún tekur á móti pappírurum frá Fæðingarorlofssjóði og skrifar undir fyrir hönd menntadeildar LSH.

Leyfi vegna vísindastarfa

Sótt skal um leyfi til yfirlæknis/umsjónarsérnámslæknis háð starfsstöð (og/eða stjórnumerktá aðilans í tengiliðaskjali) með góðum fyrirvara vegna þátttöku í ráðstefnum. Slík leyfi teljast til fjarvista af námsárinu, en óska má eftir því að staðarvaktarfrí sé nýtt vegna slíkra ferða.

Lenging á sérnámsgrunni vegna fjarvista

Veikindaleyfi og/eða launað og ólaunað leyfi telst til fjarvista á námsárinu og teljast vaktir þar með.

Leyfðar eru samtals 112 klst. í reiknaðar fjarvistir (vaktir taldar með) á námsárinu. Reiknaðar fjarvistir er samtals fjöldi fjarvista í klst., en hver fjarvist telur þó aldrei meira en 8 klst.

Reiknaðar fjarvistir umfram 112 klst. lengja kandiðatsárið um 1 – x vikur, þ.e.:

- Reiknaðar fjarvistir umfram 112 klst. til og með 152 klst. lengir sérnámsgrunninn um 1 viku
- Reiknaðar fjarvistir umfram 152 klst. til og með 192 klst. lengir sérnámsgrunninn um 2 vikur
- Reiknaðar fjarvistir umfram 192 klst. til og með 232 klst. lengir sérnámsgrunninn um 3 vikur
- Reiknaðar fjarvistir umfram 232 klst. til og með 272 klst. lengir sérnámsgrunninn um 4 vikur, o.s.frv.

Lenging á sérnámsgrunni verður yfirléitt á því sviði þar sem flestar fjarvistir komu til.

Sjá nánari upplýsingar aftast í gátlista fyrir viðurkenningu á sérnámsgrunni.

Vandamál

Komi upp vandamál í tengslum við vaktaskema og leyfi, þá er mikilvægt að leysa það í samvinnu við umsjónardeildarlækni og yfirlækni á viðeigandi sviði. Takist það ekki geta SGL leitað til nefndar um sérnámsgrunn (Inga Sif Ólafsdóttir eða Sigrún Ingimarsdóttir).